

Bæjarstjórn - 1950

FUNDARBOÐ

**1950. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 12.
mars 2025 og hefst kl. 15:30**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. **2401142 - Reglur um frístundastyrk fyrir íbúa 67 ára og eldri**

6.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 18.febrúar sl.

Fjölskylduráð samþykkir að tekjuviðmið frístundastyrks 67 verði hækkuð til samræmis við viðmið um niðurfellingu fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega. Með þessum breytingum er tryggt að þeir sem njóta 100% afsláttar af fasteignaskatti eigi jafnframt rétt á frístundastyrk, sem stuðlar að virkni og bættri lífsgæðum eldri borgara.

Fjölskylduráð fagnar þessu skrefi og lítur á það sem mikilvæga aðgerð til að styðja við félagslega þátttöku eldri borgara og auka aðgengi þeirra að tómstundum og heilsuefningu. Jafnframt leggur ráðið áherslu á að reglurnar verði kynntar vel og að gildistaka þeirra verði framkvæmd með markvissum hætti.

Fjölskylduráð vísar reglum um frístundastyrk fyrir íbúa 67 ára og eldri til bæjarstjórnar til frekari staðfestingar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja þessa uppfærslu á tekjuviðmiðum vegna frístundastyrks fyrir 67 ára og eldri enda snýr hún að því að samræma tekjuviðmiðin að reglum bæjarins um niðurfellingu á fasteignaskatti. Á síðasta ári lagði Samfylkingin fram tillögur þess efnis bæði í fjölskylduráði og bæjarstjórn og því var það ánægjulegt þegar þessi málflutningur bar árangur þegar meirihlutinn ákvað að fara þessa leið við afgreiðslu fjárhagsáætlunar þessa árs.

Meirihluti fjölskylduráðs leggja fram eftirfarandi bókun:

Gott samráð hefur átt sér stað við öldungaráð varðandi frístundastyrk eldra fólks.

Unnið hefur verið jafnt og þétt við skoðun frístundastyrks, tekin stór skref og farið eftir tillögum frá Öldungaráði.

Það hefur verið stefna meirihlutans að boðið sé uppá fjölbreytta þjónustu fyrir

eldra fólk í bænum. Meðal annars hafa verið stigin skref í auknu þjónustuframboði, sbr, Janusarverkefni, Sundleikfimi og Hress líkamsrækt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar gera hér hlægilega tilraun til þess að eigna sér það mikla og góða þjónustuframboð sem meirihlutinn hefur staðið að á undanförunum árum fyrir eldra fólk í Hafnarfirði en staðreyndir tala sínu máli.

2. 1809463 - Öldungaráð

10. liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 1. Október 2024.

?Komið hefur í ljós að erindisbréf Öldungaráðs sem samþykkt var í Fjölskylduráði þann 15. Mars 2019 og vísað til bæjarstjórnar hefur ekki fengið afgreiðslu bæjarstjórnar eins og vera ber. Fjölskylduráð óskar eftir að samþykkt erindisbréf fyrir Öldungaráð Hafnarfjarðar frá 15. Mars 2019 verði borði upp til samþykktar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.?

3. 2408342 - Straumsvíkurhöfn stækkun, umhverfismat

2. liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 9.október sl.

1.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 3.október sl.

Samantekt umsagna og athugasemda lögð fram ásamt viðbrögðum bæjarins. Helga Frímann umhverfis- og auðlindafræðingur hjá VSÓ ráðgjöf mætir til fundarins.

Skipulags- og byggingarráð þakkar Helgu Frímann fyrir kynninguna og tekur undir svör við umsögnum og athugasemdum við umhverfismatsskýrslu og vísar til afgreiðslu bæjarstjórnar. Samantektið hefur þegar verið kynnt í hafnarstjórn.

Orri Björnsson tekur til máls og leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað. Þá tekur Guðmundur Árni Stefánsson til máls. Einnig Jón Ingi Hákonarson. Kristín kemur til andsvars.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.

4. 2411149 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting AT1, Reykjavíkurvegur Fjarðarhraun

10.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 6.mars sl.

Tekið til umræðu.

Skipulags- og byggingarráð fellur frá tillögu að breytingu á aðalskipulagi og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Skipulags- og byggingarráð felur sviðinu í samráði við fjölskyldu og barnamálasvið að finna hentuga staðsetningu.

5. 2503087 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting miðsvæði Valla

11.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 6.mars sl.

Lögð fram tillaga um að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna breytinga á miðsvæði Valla. Breytingin snýr að hæðum húsa.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, M2 og vísar til staðfestingar í

bæjarstjórn.

6. 2502021 - Skuldabréfaútgáfa 2025

2. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6. mars sl.

Lagt fram minnisblað. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjaráð samþykkir fyrirbyggjandi tilboð um skuldabréfaútgáfu og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

7. 2502790 - Dverghella 1, umsókn um lóð

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.mars sl.

Lögð fram umsókn Naustabótar ehf. um atvinnuhúsalóðina nr. 1 við Dverghellu.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

8. 2502297 - Dverghella 2, umsókn um lóð

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.mars sl.

Lögð fram umsókn Aðallagna ehf. um atvinnuhúsalóðina nr. 2 við Dverghellu.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

9. 2501458 - Vegagerðin, veghaldari

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um málið. Tillaga lögð fram.

10. 2302533 - Kaplakriki, fasteignir, eignarhald

Til umræðu að ósk fulltrúa Viðreisnar.

Bókun frá fulltrúa Viðreisnar í bæjarstjórn 26. febrúar sl.

„Viðreisn harmar þá ákvörðun bæjarstjórnar að leitast ekki eftir því að semja við kröfuhafa um lækun skulda félagsins og lágmarka þannig útgjöld útsvarsgreiðenda í Hafnarfirði. Það að láta vera að semja við kröfuhafa er slæmt fordæmi og í raun virðingarleysi gagnvart peningum annarra. Því skal haldið til haga að gagnrýni Viðreisnar snýr að slakri stjórnsýslu meirihlutans og ábendingar um það sem betur mætti fara snúa að þeim aðilum sem haldið hafa utan um fjármál félagsins. Gagnrýni okkar hefur ekkert með sjálft félagið að gera. Það er ekki skilningur Viðreisnar að stefna bæjarins sé eingöngu að eiga íþróttahúsin í bænum heldur frekar sé stefnan að uppbygging íþróttamannvirkja sé á hendi bæjarins og á ábyrgð bæjarins. Nú hefur verið opnað á það fordæmi að hvaða félag sem er getur byggt upp aðstöðu fyrir lánsfé, komið sér í ógöngur og krafði bæjarsjóð um að kaupa eignina þar sem stefna bæjarins sé að eiga öll íþróttamannvirki í bænum. Slíkt fordæmi er vont. Það er einnig slæmt fordæmi að fá kröfuhafa ekki að borðinu til að taka hluta tjónsins á sig. Hér var gullið tækifæri til að senda lánastofnunum skilaboð um það að vanda betur til útlána og að áhættusamar lánveitingar séu einmitt það, áhættusamar og því geti fylgt tjón og aföll. FH hefur mikilvægu hlutverki að gegna í hafnfirsku samfélagi og það er vilji okkar að reksturinn sé sjálfbær þannig að félagið geti haldið áfram að dafna og skila ómetanlegu framlagi til samfélagsins. Ein forsenda þess að félagið geti verið verið einmitt það, er að stjórnun félagsins sé með ábyrgum og gagnsæjum hætti. Það er ljóst að traust á þá aðila sem haldið hafa um stjórnartauma félagsins í þessu verkefni hefur beðið hnekki. Af þessum

ástæðum situr fulltrúi Viðreisnar hjá við atkvæðagreiðslu.“

Bókun frá fulltrúa Viðreisnar í bæjarstjórn 29. janúar sl.

„Bókun Fulltrúi Viðreisnar telur að Hafnarfjarðarbær eigi að fara sér að engu óðslega þegar kemur að björgunaraðgerðum til handa FH í kjölfar fjárhagsóreiðu vegna byggingu og reksturs Skessunnar. Flýtir og óvönduð stjórnsýsla er ein af ástæðum þess að illa fór, því getur flýtir og óvönduð stjórnsýsla ekki verið hluti lausnar á þessum vanda. Það er ekki hlutverk bæjarsjóðs Hafnarfjarðar að bjarga lánardrottnum félagsins og greiða skuldir félagsins upp í topp án þess að aðstoða félagið við að semja við lánardrottna um verulega lækkun skulda. Það er eðlilegt að lánastofnanir og lánadrottnar beri sína ábyrgð á áhættusömum lánveitingum. Því leggur fulltrúi Viðreisnar það til að bæjaryfirvöld aðstoði FH við að leita nauðasamninga við lánardrottna sína með það að markmiði að lækka skuldir félagsins um helming að minnsta kosti og skilyrða fjárhagsaðstoð bæjarins við þann gjörning. Það er ekki hlutverk bæjarsjóðs að bjarga bönkum. Það er nauðsynlegt að íþróttafélög sem ítrekað fara fram á styrki af almannafé, sýni aga í fjármálum. Ef engar ráðstafanir verða gerðar til að tryggja viðunandi vinnubrögð við fjármálastjórn þá er viðbúið að stutt verði í næsta ákall um björgunaraðgerðir. Því er nauðsynlegt að endurskipuleggja fjármál FH í heild sinni og setja strangari skilyrði um eftirlit og reglulega upplýsingagjöf. Nýlega sendi félagið frá sér yfirlýsingu um að eftir kaup bæjarins á knatthúsinu þá verði FH skuldlaust og eigið fé 1.5 millarður. Í ljósi þessa er full ástæða til að skoða hvort félagið geti sjálft leyst fjárhagsvanda vegna knatthússins. Það er nauðsynlegt að þetta mál verði skoðað í stærra samhengi og bærinn ætti ekki að leggja fram fjármuni vegna þessa máls, án þess að áður verði gerð úttekt af óháðum aðila á fjármálum félagsins í heild. Lagt verði mat á stöðu félagsins í heild, fjármálastjórn, möguleika á lækkun skulda og fyrirkomulag fjármálastjórnar til framtíðar. Enn fremur þarf að ganga frá lokaúttekt og öryggisúttekt á húsinu og svara þeirri spurningu hvernig það gat átt sér stað að húsið fór í notkun, m.a. fyrir æfingar barna, án þess að búið væri að klára úttekt á öryggismálum þ.m.t. brunavörnum.“

Fundargerðir

11. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 6. mars sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 6.mars sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 19. febrúar sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 24.febrúar sl.

c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 26.febrúar sl.

d. Fundargerðir Sambands íslenskrá sveitarfélaga frá 18., 19., 20., 21., 24. og 25.febrúar sl.

e. Fundargerðir stjórnar SSH frá 10. og 17. febrúar sl.

Fundargerð umhverfis - og framkvæmdaráðs frá 5.mars sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 5.mars sl.

a. Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 25.febrúar sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 10.mars sl.

10.03.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri